



**Heimili og skóli**

Landssamtök foreldra



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI

capacent

## Fréttatilkynning

Helstu niðurstöður úr SAFT könnun 2013 um netnotkun barna og unglina

Nethæfni

# Inngangur

- SAFT<sup>1</sup> stóð fyrir á árinu fyrir gerð könnunar á netnotkun barna og unglunga hér á landi. Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um notkun barna og unglunga á netinu og nýta í kjölfarið þær upplýsingar til vitundarvakningar um möguleika netsins og örugga netnotkun barna og unglunga. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar enn frekar á næstu vikum.
- Meginviðfangsefni SAFT könnunarinnar er að kortleggja notkun barna og unglunga á netinu og öðrum skyldum miðlum. Sambærilegar kannanir undir merkjum SAFT hafa verið gerðar hér á landi árin 2003, 2007 og 2009 og líkt og áður voru nú lagðar spurningar fyrir bæði börn og foreldra. Framkvæmdin í ár var þó með töluvert breyttu sniði frá því áður og niðurstöðurnar því ekki fyllilega samanburðarhæfar við fyrri mælingar á öllum þáttum.

- <sup>1</sup> SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland. SAFT er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og spornar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar. Nánari upplýsingar á [www.saft.is](http://www.saft.is).

# Framkvæmdalýsing

## Lýsing á rannsókn

Markmið

Að fá upplýsingar um net- og farsímanotkun barna og unglunga auk þess að skoða breytingar frá fyrri mælingum.

Framkvæmdatími

Fyrirlögn: Maí - júní 2013

Net (Börn og foreldrar): 2. júlí - 27. ágúst 2013

Aðferð

Fyrirlögn í skólum: Börn úr 4.-10. bekk í grunnskólum víða um land svöruðu spurningalista í skólastofu

Net: Haft var samband við 1500 foreldra barna á aldrinum 10-16 ára með tölvupósti þar sem þeim var kynnt könnunin með ítarlegum hætti og óskað eftir þátttöku þeirra og barna þeirra. Þeir sem samþykktu þátttöku fyrir sig og barnið fengu sendar með tölvupósti tvær slóðir sem vísuðu annars vegar í foreldrakönnunina og hins vegar í barnakönnunina. Foreldrar sem haft var samband við eru þátttakendur í Viðhorfahópi Capacent Gallup.

## Stærð úrtaks og svörun

Úrtak

Fyrirlögn í skólum

Net - Svör barna

Net - Svör foreldra

585

1500

1500

Svara ekki

60

1071

974

Fjöldi svarenda

525


429

526

### 3 af hverjum 10 telja sig vita meira um netið en foreldrarnir.

- Þegar íslensk börn í 4.-10. bekk voru spurð hvort þau teldu foreldra sína vita meira, minna eða jafnmikið um netið og þau sjálf kom í ljós að 34% töldu foreldra sína vita meira um netið en þau sjálf og tæp 36% töldu þá vita nokkurn veginn jafnmikið um netið og þau sjálf.
- Hins vegar töldu ríflega 3 af hverjum 10 sig vita meira um netið en foreldrar sínir og hækkaði það hlutfall eftir aldri. Þannig töldu tæplega 55% barna í 10. bekk sig vita meira um netið en foreldrar sínir á meðan sambærilegt hlutfall hjá 4. bekkingum var 9%.
- Hlutfallslega fleiri strákar en stelpur töldu sig vita meira um netið en foreldrar sínir.

# Ég held að foreldrar mínir viti almennt... – Svör barna og unglinga




■ Meira um netið en ég veit ■ Nokkum veginn jafn mikið og ég veit ■ Minna um netið en ég veit


## Mikill meirihluti telur að einugis *sumar* upplýsingar á netinu séu réttar og hægt að treysta þeim

- Þegar börnin voru spurð hve mikið af upplýsingum á netinu þau teldu að væru réttar og hægt að treysta þeim kom í ljós að rúmlega 3 af hverjum 4 töldu að einungis sumar upplýsingar á netinu væru réttar og hægt að treysta þeim. Um 19% töldu að flestar upplýsingar á netinu væru áreiðanlegar og rétt innan 4% að engar upplýsingar á netinu væru réttar og hægt að treysta þeim.
- Í kjölfarið voru börnin spurð hvort þau gerðu stundum eitthvað til að athuga hvort þær upplýsingar sem þau fyndu á netinu væru áreiðanlegar. Tæplega 14% sögðust oft athuga hvort upplýsingar sem þau fyndu á netinu væru réttar og hægt að treysta þeim. Tæp 29% sögðust stundum athuga það og aðeins fleiri eða 31% sögðust sjaldan athuga það. Ríflega fjórðungur sagðist hins vegar aldrei athuga hvort upplýsingar sem þau fyndu á netinu væru réttar og hægt að treysta þeim.
- Ef litið er til þróunar frá fyrri mælingum má sjá að hlutfall þeirra barna sem telja að einungis sumar upplýsingar á netinu séu réttar hefur aukist. Árið 2003 var hlutfall þeirra tæplega 57% en nú er hlutfallið 76%.

# Hve mikið af upplýsingunum sem þú finnur á netinu heldur þú að séu réttar og hægt sé að treysta þeim? – Svör barna og unglinga



# Gerir þú einhvern tíma eitthvað til að athuga hvort þær upplýsingar sem þú finnur á netinu séu réttar og hægt sé að treysta þeim? – Svör barna og unglunga






## Stelpur líklegri en strákar til að hafa áhyggjur af því að einhver sem þær þekki ekki hafi samband við þær á netinu

- Þegar börnin voru spurð um megin ástæður þess að gefa ekki upp persónulegar upplýsingar á netinu sögðust flest, eða ríflega 67%, hafa áhyggjur af því að einhver sem þau þekktu ekki myndi hafa samband við þau.
- Nánast jafn mörg börn sögðu að ástæðan fyrir því að gefa ekki upp persónulegar upplýsingar á netinu væri sú að þau vissu ekki hver myndi nota upplýsingarnar. Ríflega 58% sögðu foreldra sína hafa sagt sér að gera það ekki og 34% voru hrædd um að fá tölvuvírus.
- Stelpur höfðu frekar en strákar áhyggjur af því að einhver sem þau þekktu ekki hefðu samband við þær og sömuleiðis að þær vissu ekki hver myndi nota upplýsingarnar. Strákar voru hins vegar líklegri en stelpur til að nefna áhyggjur af því að fá tölvuvírus sem ástæðu fyrir því að gefa ekki upp persónulegar upplýsingar á netinu.
- Yngri börn sögðu frekar en eldri börn að megin ástæðan fyrir því að gefa ekki upp persónulegar upplýsingar á netinu væru að foreldrar þeirra hefðu sagt sér að gera það ekki.


# Hverjar telur þú að séu megin ástæðurnar fyrir því að gefa ekki upp persónulegar upplýsingar á netinu? – Svör barna og unglinga




### 3 af hverjum 4 höfðu heyrt ráðleggingar um að ekki mætti hlaða niður ólöglegu efni á netinu.

- Spurð að því hvaða ráðleggingar um öryggi á netinu þau hefðu heyrt um nefndu flest börnin , eða 87%, að hitta aldrei ókunnuga. Tæplega 81% sagðist hafa heyrt að það mætti aldrei gefa upp heimilisfang. Tæplega 78% höfðu heyrt ráðleggingar um að hrella ekki aðra eða segja andstyggilega hluti um aðra og álíka margir nefndu að fara ekki inn á klámsíður/síður fyrir fullorðna.
- Tæplega 75% sögðust hafa heyrt að þau mættu ekki hlaða niður ólöglegu efni á netinu og 72% að þau mættu ekki svara ljótum skilaboðum á netinu.
- Töluvert færri, eða tæplega 41% sagðist hafa heyrt að það mætti aldrei gefa upp netfangið sitt, 34% að þau mættu aldrei gefa upp nafn sitt og 34% að þau ættu ekki að hlaða niður efni. Tæplega 24% sögðust hafa heyrt að þau mættu ekki setja inn mynd af sér.
- Innan við 5% höfðu ekki heyrt neinar náðleggingar um öryggi á netinu.

# Hverjar af eftirtöldum ráðleggingum um öryggi á netinu hefur þú heyrt um? – Svör barna og unglunga



## Almennt séð, telur þú að barn þitt hafi lært að verja einkalíf sitt á netinu? – Svör foreldra



- Þegar foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu barnið sitt hafa lært að verja einkalíf sitt á netinu sögðu tæp 30% já, og naumlega 62% svöruðu já, að vissu leyti. Tæplega 9% svöruðu neitandi. Marktækur munur var á svörum foreldra eftir aldri barna. Foreldrar eldri barna voru líklegri en foreldrar yngri barna til að segja að barnið hafi lært að verja einkalíf sitt á netinu.



- **Nánari upplýsingar um SAFT könnunina veita:**
- Guðberg K. Jónsson, verkefnisstjóri SAFT ([guðberg@saft.is](mailto:guðberg@saft.is)) s. 516 0100
- Jóna Karen Sverrisdóttir, Capacent Gallup ([jona.sverrisdottir@capacent.is](mailto:jona.sverrisdottir@capacent.is)) s. 540 1000
- Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri, Heimili og skóli ([hrefna@heimiliogskoli.is](mailto:hrefna@heimiliogskoli.is)) s. 516 0100